

Sæll Gaukur,

Íslandsþari ehf. hefur verið að skoða tvær mögulegar staðsetningar fyrir vinnslu á stórpara á Húsavík. Um er að ræða mögulega staðsetningu á reit á athafnarsvæði A3 við Suðurgarð. Þar er um að ræða svæði sunnan við hafnarsvæði H5 sem liggur að Búðará 4. Samkvæmt skipulagi eru skilgreindar sex nýjar lóðir á því svæði sem er til skoðunar en í heild eru nítján nýjar lóðir skilgreindar á athafnarsvæði A3.

Hin möguleg staðsetning fyrir vinnsluhúsnæði er á skilgreindu hafnarsvæði H2 við Norðurgarð milli hafnarsvæðis H1 og Norðurgarðs 3 og 5.

Farið hefur fram greining á lóðarkostum miðað við fyrirhugaða starfsemi Íslandspara og mögulega framþróun miðað við áætlanir um uppbyggingu á starfsemi. Forsendur miðuðu við frumþarfir við vinnslu á stórpara m.a. lóðarstærð, athafnarsvæði, samgöngur og vöruflutningar. Jafnframt var farið í frekari skoðanir á lóðarkostum miðað við þegar fullum afköstum vinnslustarfsemi hefur verið náð og möguleika á frekari þróun á vinnslu og starfsemi til lengri tíma.

Eftir að hafa greint mögulegar staðsetningar fyrir vinnsluhúsnæði á Húsavík þá liggur fyrir að þeir þættir sem eru áhrifamestir í staðarvali eru eftirfarandi: samgöngur og aðstaða.

- Hafnaraðstaða
  - Að aðstaða til löndunar sé til staðar í nánd við lóð
  - Að vegalengdir frá hafnaraðstöðu að vinnsluhúsnæði séu stuttar
- Samgöngur
  - Leiðir vöruflutninga séu til staðar
  - Leiðir vöruflutninga liggi ekki um viðkvæm svæði
  - Að vöruflutningar auki ekki við umferðaralag á stofnvegum
  - Aðkoma og bílastæði fyrir starfsfólk
- Starfsemi
  - Þróun á vinnslu og starfsemi með stækkunarmöguleikum
  - Möguleika á aðliggjandi athafnarsvæði eða innan lóðar
- Skipulagsáætlanir

- Skipulagsáætlanir samræmist uppbyggingu
- Sameining lóða sé í samræmi við skipulag
- Uppbygging sé í samræmi við markmið svæðis og svæðisnotkun
- Skilgreining landnotkunar séu í samræmi við fyrirhugaða vinnslu

Eftir að hafa farið yfir þarfir og þætti þessum eru áhrifamestir í staðarvali hefur Íslandsþari ehf. ákveðið að sækja um lóð á reit H2. Til hljóðsjónar eru höfð samgönguáhrif, aðgengi að hafnaraðstöðu og þróunar og stækkunar möguleikar fyrir starfseminu. Við hönnun á vinnsluhúsnæði yrði efnisval, litaval og arkitektúr húsnæðisins haft í fyrirrúmi til að skapa hönnun sem falli vel að umhverfinu með fagurfræði byggingarinnar í ásýnd fyrir svæðið að leiðarljósi.

Hafnaraðstaða við lóð á reit H2 er til staðar í dag og beint aðgengi er frá hafnarsvæði að lóð á reit H2 sem er aðliggjandi við hafnaraðstöðuna. Góð skjólmyndun er við löndunaraðstöðu við reit H2. Mjög stuttar flutningaleiðir eru frá hafnaraðstöðu og mögulegrar staðsetningar vinnsluhúsnæðis sem takmarkar áhrif á umhverfi og aðra starfsemi á svæðinu. Fyrir lóð á reit A3 er þörf á uppbyggingu á sjónvörnum og löndunaraðstöðu með ásættanlegri skjólmyndun. Huga þarf að jafnframt að uppsöfnun á sandi við fyrirhugaða löndunaraðstöðu við staðsetningu á reit A3.

Samgöngutengingar við á lóð á svæði A3 eru um Hafnarstétt og Garðarsbraut og Mararbraut. Fyrir lóð á svæði H2 eru megin samgöngutengingar um Bakkaveg og Húsavíkurhöfðagöng. Samgöngutengingar fyrir lóð á reit H2 hafa mögulega minni áhrif á samgöngukerfi Húsavíkur og eru með greiðari aðgengi og flæði fyrir vöruflutninga fyrir fyrirhugaða vinnslu á stórpara.

Starfsemi sem fyrirhugað er að vera með á lóðunum þarf 10.000m<sup>2</sup> lóð þar sem gert er ráð fyrir 6.000m<sup>2</sup> vinnsluhúsnæði með aðstöðu fyrir vöruflutninga. Á báðum staðsetningum eru tækifæri til að afmarka lóð með vinnsluhúsnæði sem uppfyllir þarfir. Báðir reitir eru að hluta til afmarkaðir varðandi stækkunar möguleika. Á lóð á reit A3 afmarkar sjór svæðið til vesturs, Búðará svæðið til suðurs og hafnarsvæði H5 svæðið til norðurs og Stangarbakkafjöru til austurs. Stækkunarmöguleikar eru því frekar takmarkaðir á lóð á reit A3 nema inn á hafnarsvæði H5 til norðvesturs. Á lóð á reit H2 er lóðin afmörkuð af Norðurgarði til norðurs, núverandi lóðum við Norðurgarð 3 og 5 til austurs, sjó til suðurs og hafnarsvæði H1 til vesturs. Mögulega væri hægt að stækka lóð á reit H2 inn á svæði við hafnarsvæði H1 til vesturs.

Skipulagsáætlanir sem eru til staðar fyrir lóð á reit H2 gera ráð fyrir hafnarstarfsemi og flutningum um svæðið sem er í samræmi við áætlanir um uppbyggingu á vinnsluhúsnæði fyrir stórpara. Skipulagsáætlanir fyrir lóð á reit A3 skilgreina einn æð-tilgang áætlana sem fjölgun lóða og áætlana um að draga úr umferð um Hafnarstétt. Tilkoma vinnsluhúsnæðis er til þess fallinn að fækka um 5 lóðir á

reit A3 og mögulega stuðla að aukinni umferð um Hafnarstétt, Garðarsbraut og Mararbraut. Þá er sérstaklega horft til þungaflutninga og áhrif þeirra á samgöngukerfið.

Fyrir hönd Íslandsþara ehf. kt. 4406932889 er hér með óskað eftir úthlutun lóða á hafnarsvæði H2 við Norðurgarð. Um er að ræða lóðir Norðurgarður 7 og 9 ásamt aðliggjandi hafnarsvæði vestan við lóðirnar að hafnarsvæði H1. Fyrirhugað er að sameina ofangreindar lóðir og svæði í eina 10.000m<sup>2</sup> lóð fyrir fyrirhugað vinnsluhúsnæði sem yrði allt að 6.000m<sup>2</sup> að stærð með aðstöðu fyrir vörumóttöku.

Íslandsþari ehf. óskar eftir að gera samkomulag við sveitarfélagið um uppbyggingu á lóðinni sem myndi fela í sér samkomulag um lóðargjöld, hafnargjöld, fyrirkomulag tengingar lóðarinnar við veitu og gatnakerfi og annarra gjalda sveitarfélagsins varðandi fyrirhugaða framkvæmd Íslandsþara ehf. á lóðinni.

Umsóknin er með fyrirvara um niðurstöðu úr matsskylduferli Skipulagsstofnunar sem nú er í umsagnarferli í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Kveðja / Regards,

**Bjarki Valberg**

Tel / Sími.: 422 3111

Mobile / GSM: 698 7317



**MANNVIT**

---

[www.mannvit.is](http://www.mannvit.is) / [www.mannvit.com](http://www.mannvit.com)